

Miðvikudaginn 27.maí 2020 var haldinn stjórnarfundur í gegnum fjarfundabúnað og hófst hann kl.15:30.

Mættir voru: Einar Jón Geirsson, Skúli Guðbjörnsson, Þuríður Sigurðardóttir, Eyjólfur Ingvi Bjarnason og Boga Kristín Thorlacius.

Einnig sátu fundinn Kristján Sturluson sveitarstjóri Dalabyggðar og Jóhanna María Sigmundsdóttir, verkefnastjóri hjá Dalabyggð sem jafnframt ritar fundargerð.

Einar Jón Geirsson formaður stjórnaði fundi.

**Dagskrá:**

**1. Tryggingar**

Formaður hefur fengið tilboð hjá VÍS fyrir tryggingar á íbúðunum. Tilboð lagt fyrir stjórn.

Samþykkt.

**2. Afhending íbúða**

Kl.10 á föstudag er gert ráð fyrri afhendingu íbúða. Rætt um að bjóða tilvonandi leigjendum á afhendinguna. Íbúðirnar verða teknar út kl.13 sama dag ásamt viðbótarúttekt fyrir stjórn Bakkahvamms hses. Í framhaldi á að vera hægt að afhenda íbúðirnar til leigjenda.

**3. Fjármögnun**

Verið að stefna á að klára lánið og fá seinni hluta stofnframlags. Verið er að bíða eftir lokaúttekt/öryggisúttekt til að ganga frá stofnframlagi. Verið að bíða eftir tölum fyrir lóðafrágang. Stjórnin mun funda aftur fyrir 9. júní til að fara yfir fjárhagsstöðuna og hvort óskað verður eftir stuðningi frá Dalabyggð.

**4. Önnur mál**

Stjórn hefur áhuga á að íbúum í Dalabyggð gefist tækifæri til að skoða íbúðirnar. Haft samband við Hrafnshól varðandi opið hús í íbúðunum.

Ekki fleira gert og fundi slitið kl.15:50